Í Brekkum. Fornbýli í Mývatnssveit

Fornleifarannsókn 2017

Lilja Laufey Davíðsdóttir & Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands
FS699-910120
Reykjavík 2018

© Fornleifastofnun Íslands 2018
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Forsíðumynd: Horft yfir bæjarstæði Brekkna úr norðri. Bæjarhús á Hofstöðum í bakgrunni. Myndin er tekin 9. september 2017 af Orra Vésteinssyni.

Efnisyfirlit

Inngangur 4

Borkjarnarannsókn 8

Neðri hluti bæjarstæðis 8

Efri hluti bæjarstæðis 11

Niðurstöður 14

Uppgröftur 16

Könnunarskurðir A og B (skáli) 16

Könnunarskurður C (Túngarðurinn) 17

Könnunarskurður D (tóft 2) 19

Könnunarskurður E (tóft 4) 21

Könnunarskurður F (öskuhaugur) 23

Könnunarskurður G (kuml) 24

Könnunarskurður H (tóft 3) 27

Niðurstöður og umræða 28

Viðauki 1. Borkjarnaskrá 30

Viðauki 2. Einingaskrá 45

Viðauki 3. Gripa- og sýnaskrár 50

Viðauki 4. Megan Hicks & Thomas H. McGovern: Dýrabein 51

Viðauki 5. Ljósmyndaskrá 52

Viðauki 6. Magnús Á. Sigurgeirsson: Gjóskulagarannsókn 57

Inngangur

Sumarið 2016 fannst áður óþekkt bæjarstæði norðan við tún á Hofstöðum í Mývatnssveit. Forkönnun þá um haustið staðfesti að stærsta tóftin er af íveruhúsi frá víkingaöld. Auk þess voru a.m.k. tvær aðrar byggingar en bæjarstæðið er í norðausturhorni svokallaðs Túngarðs sem umlykur öll tún og þekkt bæjarstæði á Hofstöðum, þ.e. nýfundna bæjarstæðið, veisluskálann og bæjarhólinn með kirkju og kirkjugarði. Þessi fundur kallar á endurmat á þróun Hofstaða sem miðstöðvar og endurskoðun á hugmyndum um efnahagsgrundvöll og skipulag miðstöðvarinnar, en hann bætir líka í vaxandi safn vísbendinga um að í öndverðu hafi verið algengt að fleiri en eitt bæjarstæði væru í sama túni þar sem síðar var bara einn bær. Dæmi eru um bæjarstæði þar sem tveir eða fleiri skálar frá sama eða svipuðum tíma eru saman í hnapp (t.d. Herjólfsdalur, Hvítárholt, Reykjavík en einnig hafa komið í ljós á seinni árum víkingaaldarskálar tugum eða hundruðum metra frá aðalbæjarstæði viðkomandi túns, t.d. í Vatnsfirði, í Höfnum og við Lækjargötu í Reykjavík. Veisluskálann á Hofstöðum má telja í þessum flokki en þar eins og í Vatnsfirði eru stórir bæjarhólar sem ekki er vitað með vissu hvenær byrjuðu að myndast - elstu byggingarstigin gætu verið samtíða (eða eldri) en stakstæðu skálarnir, eða yngri. Margt bendir því til grunnskipulag byggðar á Íslandi hafi verið með öðrum hætti í öndverðu en síðar varð og er brýnt að skýra betur hvernig í þessu lá, hvernig hin ólíku bæjarstæði tengdust og hvernig þróunin varð, hvenær og af hverju sum lögðust af en önnur héldu áfram að vera byggð, og að hvaða marki málið snýst um færslu bæjarstæða fremur en tví- eða fjölbýli.

Sótt var um styrk til Fornminjasjóðs til að gera ítarlegri rannsókn á bæjarstæðinu og til að kanna hvort fleiri bæjarstæði gætu leynst í Hofstaðatúninu eða við það. Styrkur fékkst til þriggja ára verkefnis og fólst fyrsti áfanginn í að gera rækilegri könnun á hinu nýfundna bæjarstæði.

Markmiðið var að svara eftirfarandi spurningum:

- hvenær hófst byggð á hinu nýfundna bæjarstæði?
- hvenær lagðist hún af?
- hvert var hlutverk byggginganna tveggja til hliðar við skálann?
- eru fleiri byggingar á bæjarstæðinu?
- er öskuhaugur á bæjarstæðinu?
- hvert er samhengi bæjarstæðisins við Túngarðinn sem umlykur það að norðan og austan?

Vettvangsrannsóknir fóru fram dagana 5.-9. september en gjóskulagarannsókn var gerð 4. október og var þá fyllt í skurðina og gengið frá uppgraftarsvæðinu. Að rannsókninni unnu: Howell M. Roberts, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Lísabet Guðmundsdóttir, Orri Vésteinsson og Sólveig Buðmundsdóttir Beck. Magnús Á. Sigurgeirsson greindi gjóskulög og Megan Hicks og Thomas H. McGovern greindu þau

örfáu dýrabein sem komu í ljós. Leiðangurinn fékk leyfi Ríkiseigna til að dvelja í íbúðarhúsinu á Hofstöðum á meðan á vettvangsvinnu stóð.

Eftir að bæjarstæðið fannst var farið að kalla staðinn Garðshorn eða Hofstaðgarðshorn enda er bæjarstæðið í horni hins mikla Túngarðs sem afgirðir öll tún og bæjarstæði á Hofstöðum. Rannsóknin 2017 leiddi hinsvegar í ljós að Túngarðurinn er yngri en nýfundna bæjarstæðið og gæti það meira að segja hafa verið löngu yfirgefið þegar hann var byggður. Nafnið á því ekki vel við og er lagt til að kalla staðinn Í Brekkum en Brekkur er nafnið á svæðinu norðan við Hofstaðatún á austurbakka Laxár. Nafnið á vel við bæjarstæðið sem er í á stöllum í brekkunni ofan við ána, í andstöðu við flatan hjallann sem veisluskálinn og bæjarhóllinn standa á.

Haustið 2017 var gerð tilraun með viðnámsmælingar í Brekkum sem ekki skilaði skýrum niðurstöðum en haldið verður áfram með þær tilraunir í næstu áföngum rannsóknarinnar. Einnig var gerð yfirborðsmæling á bæjarstæðinu til að gera yfirborðslíkan sem gæti leitt í ljós fleiri mannvirki. Bæjarstæðið er mjög þýft og að stórum hluta á kafi í kjarri sem torveldar mjög greiningu mannvistarleifanna. Við yfirborðsmælinguna var notuð alstöð og var svæðinu var skipt í 12 ferninga og var hver þeirra 20 x 20 metrar að stærð. Mældir voru punktar á eins metra fresti til þess að fá sem

nákvæmast yfirborðslíkan, alls 6930 punktar. Hæðarpunktarinir voru notaðir til þess að búa til svokallað hillshade yfirborðslíkan þar sem misfellur sem hærra ber gefa frá sér skugga eins og sólin sé mjög lágt á lofti. Á mynd 1 sést vel hve bæjarstæðið er þýft en á henni er ekki hægt að greina nein mannvirki fyrir utan skálann sjálfann sem merktur er með rauðum hring.



Mynd 1. Hillshade yfirborðslíkan af svæðinu. Skálatóftin sjálf er merkt með rauðum hring. Ekki komu neinar aðrar tóftir í ljós með þessari gerð af yfirborðslíkani.

Mynd 2 sýnir aðra nálgun á myndrænni birtingu mælinganna en hún gefur engar viðbótarupplýsingar. Skálarústin sést ef rýnt er í myndina en aðrar tóftir hverfa nánast alveg. Ekki sáust neinar nýjar og áður óþekktar tóftir með þessari aðferð en mögulegt er að frekari greining gagnanna geti leitt fram misfellur sem benda til mannvistarleifa undir sverði.

Helstu niðurstöður vettvangsathugana í Brekkum hafa þegar verið birtar í fræðigrein á ensku: Lilja Laufey Davíðsdóttir, Lísabet Guðmundsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Howell M. Roberts

& Orri Vésteinsson 2017, ‘New Discoveries: Í Brekkum.‘ *Archaeologia islandica* 12, 85-92. Í þessari skýrslu er gerð ítarleg grein fyrir borkjarnarannsókn og skurðgrefti sem fram fór 2017.



Mynd 2. Svarthvítt hæðarlíkan af bæjarstæðinu með útlínum könnunarskurða sem grafnir voru árið 2018.

Borkjarnarannsókn

Dagana 5.-7. september fór fram víðtæk borkjarnarannsókn í kringum skálann sem fannst árið 2016. Markmiðið var að kortleggja útbreiðslu mannvistarlaga, finna mögulega öskuhauga og mannvirki sem ekki sáust skýrt á yfirborði. Kjarr hefur torveldað könnun bæjarstæðisins og hefur verið erfitt að greina hvort dældir og hólar séu mannvirki eða ekki. Svæðið sem var rannsakað er 120 x 90 metrar að stærð og afmarkast af Túngarðinum að norðan og austan, túninu að sunnan og tóft 3 að vestan. Reynt var að bora á u.þ.b fimm metra fresti en sumsstaðar var borað á tveggja metra fresti til að afmarka nákvæmar lög sem sáust í borkjörnunum. Kjarnaborinn tekur 2 sm kjarna og hægt er að bora allt að 80 sm niður, 40 sm í einu. Ef mannvistarlög reyndust vera í kjarnanum, var hann ljósmyndaður og lagskiptingin skráð. Ekki var farið dýpra en niður á forsögulegu H3 gjóskuna. Borkjarnarnir voru teknir eftir nokkurnveginn beinum línum frá suðri til norðurs og fékk hver kjarni númer miðað við línunúmer og röð hans í línunni. Hér verður farið yfir helstu niðurstöður sem komu út úr rannsókninni skipt upp eftir svæðum. Öll mannvist sem kom fram í borkjörnum var undir 1477 gjóskunni. Aðrar gjóskur sáust ekki í borkjarnasýnunum nema í undantekningartilvikum. Aftast í skýslunni er viðauki þar sem hverjum borkjarna er lýst nákvæmlega.

Umfjöllun um borkjarnana er skipt í tvennt. Byrjað er á svæðinu í kringum tóft 3 en það er á stalli neðan við meginbæjarstæðið og er afar brött brekka á milli. Borað var í efri hluta hennar og fylgir lýsing á þeim kjörnum efra svæðinu en lítilsháttar bil milli borkjarnalína 3 og 4 myndast neðst í brekkunni þar sem hún er bröttust (sjá mynd 6).

Neðri hluti bæjarstæðis

Lína 1

Lína 1 er vestast á rannsóknarsvæðinu, næst Laxá. Byrjað var að bora syðst. Vísbendingar fundust um að syðst gæti hafa verið torf- eða mótaka. Ekki fundust nein gjóskulög í kjörnum 1.2 (mynd 3) og 1.3 sem gæti bent til þess að þar hafi jarðlögin verið stungin upp. Þarna er blautlendi og gæti hafa hentað til torf- eða móskurðar. Í kjarna 1.1 sáust hreyfð jarðlög sem gætu bent til starfsemi eða rasks þar alveg syðst. Í kjörnum 1.5 og 1.9, sitthvorumegin við tóft 3 voru mögulegar torfleifar með gjósku úr H3.

Mynd 3. Blaut jarðlög kjarna 1.2. Hugsanlegt móttökusvæði

Lína 2

Í línu 2 kom sást blandað torf með svartri gjósku í kjarna 2.5 sem kemur vel heim og saman við þar sé suðurveggur í tóft 3. Torflagið var um 4 sm þykkt á 10 sm dýpi. Í kjarna 2.6 (mynd 4) sást blandað lag, hugsanlega torfhrun, 20 sm þykkt og lá það ofan á 2 sm þykku fitugu lagi sem gæti verið gólflag í tóft 3.

Mynd 4. Hugsanlegt gólflag í kjarna 2.6, undir blönduðu torflagi.

Lína 3

Allir kjarnarnir í línu 3 voru með náttúrulegum lögum fyrir utan einn, kjarna númer 3.4 (mynd 5). Í honum voru viðaraska og kol á 16 sm dýpi og var lagið 4 sm þykkt. Kjarninn er rétt sunnan við tóft 3 og gæti þetta bent til þess að þarna hafi verið athafnasvæði tengt tóftinni.

Mynd 5. Nærmynd af viðarösku og kolum í kjarna 3.4



Mynd 6. Staðsetning borkjarnanna á rannsóknarsvæðinu. Númer hverrar línu er sýnt þar sem hún byrjar að sunnan.

Efri hluti bæjarstæðis

Lína 4

Í kjarna 4.1 var sótblandað lag með kolasalla sem var um 4 sm þykkt. Einnig var sótblandað lag í kjarna 4.2 sem var um 3 sm þykkt og blandaður jarðvegur ofan á því. Þessi lög tengjast líklega öskuhaug vestan undir skálaveggnum þar sem hann er farinn að þynnast neðantil í brekkunni. Í kjarna 4.5 (sjá mynd 7) var lagskipt torflag sem var 15 sm á þykkt og gæti verið hleðsla. Hreyfð lög voru bæði undir og yfir torfinu. Í kjarna 4.6 fannst einnig 3 sm þykkt torflag með H3 gjósku. Torfleifarnar benda til þess að þarna sé áhugavert svæði, hugsanlega önnur bygging.

Mynd 7. Nærmynd af torfi í kjarna 4.5

Lína 5 og 5,5

Í kjarna 5.1 var torfblandað lag með H3 gjósku og er þetta torflag líklega úr skálanum sem er rétt austan við. Í kjarna 5.2 (sjá mynd 8) voru augljós ruslalög, 9 sm á þykkt. Þar voru kolalög, viðaraska og önnur blönduð ruslalög. Greinilega öskuhaugur frá skálanum. Í kjarna 5.6 sást torfblandað lag og annað lag blandað kolasalla undir því. Þetta lag er að svipuðu méli og torflögin í línu 4 og bendir þetta ennfrekar

Mynd 8. Ruslalög í öskuhaugi í kjarna 5.2

á aðra byggingu á þessum stað. Einn kjarni var tekinn í línu 5,5 og þar sáust mjög þunn ruslalög sem örugglega eru hluti af öskuhaugnum.

Lína 6

Torf frá skálanum sást í kjörnum 6.1 og 6.2. Í kjörnum 6.3, 6.4, 6.5 og 6,6 voru greinileg ummerki um öskuhauginn og voru ruslalögin 7-8 sm þykk. Í kjarna 6.9 var torf úr skálanum og í kjörnum 6.10 (sjá mynd 9) og 6.12 sáust torflög á sama svæði og torflögin í línu 4 og 5. Í kjarna 6.15 voru torfleifar sem tengjast líklega tóft 2. Í kjarna 6.18 var blandað lag sem er ummerki um mannvist. Það var 10 sm þykkt og gæti einnig tengst tóft 2.

Mynd 9. Röndótt og marglita torf í kjarna 6.10 á sm 18-27.

Lína 7

Í kjarna 7.7 var torflag með Hverfjallsgjósku og H3 sem tilheyrir tóft 2. Einnig sást torf í kjarna 7.12 (sjá mynd 10) og tilheyrir það Túngarðinum. Annars voru langflestir kjarnarnir í þessari línu eingöngu með náttúrulegum jarðlögum en þó var í mörgum þeirra lífrænt lag sem gæti bent til að þarna hafi verið byrjað að myndast tún.

Mynd 10. Torfið í Túngarðinum sem kom fram í kjarna 7.12

Lína 8

Í kjarna 8.2 sást jarðlag með smávegis mannvist og tengist líklega skálanum sem er þar fast vestan við. Í kjarna 8.7 var greinilegt torf sem var 9 sm á þykkt (sjá mynd 11). Svæðið í kring um kjarnann var

Mynd 11. Nærmynd af torfi í kjarna 8.7

kannað betur en ekki fundust nein önnur ummerki um byggingu eða mannvist. Í kjarna 8.12 sáust hreyfð jarðlög en erfitt er að segja hvað var þar í gangi, nema að það tengist líklega tóft 2.

Lína 9

Engin mannvist fannst í línu 9 fyrir utan í kjarna 9.9. Þar sást að hreyft hafði verið við jarðlögunum og var H3 gjóskan röskuð. Hugsanlegt er að þetta sé náttúrulegt.

Lína 10

Í kjörnum 10.6 og 10.8 sáust greinileg torflög og þar á milli var gráleitt fitugt lag í kjarna 10.7 (sjá mynd 12). Þarna kom í ljós mannvirki, tóft 4, og var grafinn könnunarskurður í hana (D) sem sagt er nánar frá í uppgraftarkaflanum. Önnur mannvist fannst ekki í línu 10 .

Mynd 12. Gráleitt gólflag í kjarna 10.7, í sm 13-14.

Lína 11

Í línu 11 komu í ljós torflög í kjörnum 11.1 (sjá mynd 13) og 11.2. Torfið var 8-18 sm á þykkt og virðist liggja nokkurnveginn beint ofan á landnámssyrpunni. Svæðið var ekki kannað nánar en hugsanlega gæti

Mynd 13. Torfið í kjarna 11.1

verið bygging á þessum stað. Í kjarna 11.5 kom einnig í ljós torf sem gæti tengst Túngarðinum en borkjarninn var tekinn rétt fyrir utan hann.

Lína 12

Allir borkjarnar sem teknir voru í línu 12 reyndust vera náttúrulegir og gæti það bent til þess að á þar sé komið út fyrir heimatún og áhrifasvæði frá skálanum.

Niðurstöður

Við borkjarnarannsóknina kom margt áhugavert í ljós og skilningur á svæðinu í heild sinni og landnotkun þar jókst mikið. Öskuhaugur fannst vestan við skálann sem virðist vera um 12x10 m að stærð. Mikið var af torfi og blönduðum mannvistarlögum í kringum tóftir 2 og 3 og hugsanlegt gólf fannst í tóft 3. Tóft 4 fannst við borkjarnarannsóknina og tvö önnur áhugaverð svæði fundust einnig, þar sem mikið virðist vera um torf. Þeir staðir bíða frekari rannsóknar með könnunarskurðum. Hugsanleg ummerki um mó- eða torfskurð fundust einnig syðst á svæðinu, niðri við Laxá en þar virðist sem H3 gjóskulagið hafi verið stungið upp. Þar er einnig deiglent og virðist svæðið hafa verið kjörið til móskurðar. Hinsvegar verður ekkert fullyrt um það hvort sú mótekja átti sér stað á meðan búið var í Brekkum eða löngu síðar. Víðsvegar um svæðið sást lífrænt lag á sömu dýpt í kjörnunum og er það túlkað sem ummerki um fyrstu stig túnmyndunar – mögulega bara afleiðing af þeim áburði sem fylgt hefur húsdýrum heimilisins. Greinilegt er hvar ummerkjum um mannvist sleppir og er bæjarstæðið nú vel afmarkað – um tveir þriðju úr hektara. Túlkun og dreifing borkjarnanna má sjá betur á mynd 14.

Mynd 14. Túlkun á borkjörnum í Brekkum.

Uppgröftur

Árið 2016 voru grafnir tveir skurðir, A og B, í nýfundna skálatóft til þess að tímasetja hana og staðfesta hlutverk hennar (Orri Vésteinsson, 2016, bls. 4). Haustið 2017 var haldið áfram þar sem frá var horfið og grafnir sex aðrir könnunarskurðir til þess að kanna fleiri mannvirki á þessu forna bæjarstæði. Staðsetning skurðanna má sjá á mynd 15. Könnunarskurðirnir voru misjafnir að stærð og fór stærðin eftir því hvað var verið að kanna á hverjum stað. Mannvistarlög voru tímasett með gjóskulögum en Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur, skoðaði og greindi þau á staðnum. Hér á eftir verður skurðunum lýst í í stafrófsröð.



Mynd 15. Staðsetning könnunarskurða

Könnunarskurðir A og B (skáli)

Skurðir A og B voru grafnir 2016 og er þeim lýst í skýrslu um uppgröft þess árs. 2017 var skurðirnir opnaðir aftur til að skoða betur afstöðu gjóskulaga. Í skurði A kom í ljós að V-Sv frá ~940 leggst upp að torfveggnum að utanverðu og hefur skálinn því verið byggður áður en þetta eldgos varð. Ekki var hægt að staðfesta að H-1104 væri yfir hruni úr veggnum. Í skurði B – innan í tóftinni – sást aðeins V-1477 yfir torfhrunlögum. V-Sv hefur ekki varðveist vel á bæjarstæðinu og því er lítið hægt að leggja

upp úr því þó það finnist ekki innan skálatóftarinnar en það gæti bent til þess að húsið hafi verið uppistandandi um 940.

Könnunarskurður C (Túngarðurinn)

Skurður C var tekinn í gegnum Túngarðinn sem liggur norðaustan við bæjartæðið og umlykur það að norðan og austan. Markmiðið var að tímasetja garðlagið og skýra samhengi þess við bæjarstæðið. Skurðurinn var grafinn þvert yfir garðinn, snýr norðaustur-suðvestur og var 4x1 metri að stærð. Yfir öllum garðinum lá allþykkt áfokslag [302] og undir því, 10 sm neðan við grasrót, kom í ljós tvöfaldur trofhnaus með grárri gjósku [311] sem lá beint ofan á V-1477 gjóskunni [303]. Undir V-1477 gjóskunni komu í ljós ýmis torfhrun ásamt uppsöfnuðum foklögum. Suðvestan megin í skurðinum sáust fjögur torfhrun [313], [316], [317]

Myndir 16 og 17. Túngarðurinn, torfhrun og grjót í túngarði. Horft í suðvestur, suðvestur hluti (v) og norðaustur hluti (h).



Mynd 18. Suðaustursnið í skurði C. Nokkur byggingarstig eru á garðinum og hefur hann verið í notkun í langan tíma eða frá 10. öld og fram yfir 1500.

og [318] (sjá mynd 16). Upp að [313] hafði safnast saman áfoksjarðlag [314] og voru smávegis torfleifar í því. Undir [313] og [314] var þétt, fitugt og sendið jarðlag með uppmokstri með H3 gjósku og Hverfjallsgjósku, torfi og örlitlu af ösku og viðarkolum, [315]. Þar undir voru torfhrun [317] og [318]. Norðaustanmegin í skurðinum lágu H-1410 og H-1300 slitrótt en á sínum stað í torfhruni [305]. Í hruninu voru margir misstórir steinar og víða sást gjóskulagið V-1477 beint ofan á þeim sem sýnir að þeir hafa staðið upp úr jörðinni þegar gjóskan féll. Undir torfhruni [305] var hræringur af uppmokstri og torfhruni með landnámssyrpunni [306] og þar undir var fylling [307] í skurði [308] sem hafði verið grafinn í gegnum H3 og H4 gjóskurnar og náttúrulegan jarðveg [310] sem er undir öllu. Á mynd 17 sést norðaustur hluti skurðarins eftir uppgröft.

Jarðlag	**Lýsing**
301	Grasrót - leifar af girðingarstaurvoru ofan á garðinum
302	Áfok og gróðurmold, 4-20 sm þykkt. Þynnst þar sem það liggur yfir garðlaginu.
303	V-1477 gjóskan
304	Áfok með örlitlu torfhruni - ofan á V-1410
305	Torfhrun með mörgum misstórum steinum. H-1300 er innan um en 1410 er ofaná en 1477 gjóskan lá víða beint ofan á steinunum sem hafa staðið upp úr þegar hún féll
306	Hræringur af uppmokstri og torfhruni úr sama efni og [309], mögulega lagskipt.
307	Fylling í skurði [308]. Einsleit mold, hugsanlega set með skellum af torfi
308	Skurður
309	Náttúrulegur jarðvegur með landnámsyrpunni óhreyfðri og V~940 efst.
310	Náttúruleg lög sitthvorumegin við garðinn. Landnámslagið hefur verið stunfið burtu þegar garðurinn var byggður. Hverfjallsgjóskan er efst og 309/321 beint ofan á henni.
311	Tvöfaldur torfhnaus með grárri gjósku (V-1477).
312	V-1477 gjóskan. Jafnfallið gjóskulag ofan á torfhruni [316]. H-1300 sést líka ofan á steininum norðan megin í skurðinum, þó það sjáist ekki í sniðinu.
313	Torfhrun - sama og [305]
314	Áfok með torfhrunssneplum
315	Þétt, fitugt, sendið lag með uppmokstri (H3 og Hv), torfi og örlitlu af ösku og viðarkoli. Mögulegt yfirborð
316	Torfhrun (hefur sigið). Hnausar með landnámsyrpunni
317	Torfhrun úr sama efni og [318]. Hleðslugrjótið tilheyrir þessu jarðlagi.
318	Torfhrun - óljós skil við [320] en allt öðruvísi en [319]
319	Yngri veggur - Fyrst og fremst steinhleðsla með ljósbrúnni fokmold. Einsleitt á milli.

320	Hugsanlegar leifar eldri veggjar. Sennilega strengur en raskað af seinni framkvæmd. Mögulega er þetta jöfnunarlag fremur en hleðsla. Í því er uppmokstur með H3.
321	Landnámsyrpan - sama og [309] en V~940 er ekki sýnileg vestanmegin

Túngarðurinn var byggður eftir 940 en V-Sv (~940) gjóskan er efst í landnámssyrpunni sem liggur óhreyfð að hluta undir elstu torfhleðslunni [320] og stórum steini í ytri hlið garðsins. Skýr merki sáust um að minnsta kosti þrjú byggingarstig. Þegar garðurinn var reistur á seinni hluta 10. aldar var hann líklega úr torfi eingöngu en seinna var hann endurbyggður að verulegu leiti og stórum steinum bætt í ytri hliðina en ný torfhleðsla og minna grjót sett að innanverðu. Þessi endurbygging hefur átt sér stað alllöngu fyrir 1300 og 1477 hefur garðurinn verið mikið til hruninn og flatur að ofan. Seinna hefur torfhnaus verið settur ofan á en sú hleðsla er ræfilsleg og gæti hafa verið sett á 20. öld undir vírgirðingu. Leifar af girðingarstaur úr tré fundust ofan á garðinum.

Könnunarskurður D (tóft 2)

Könnunarskurður D var grafinn í gegnum tóft 2 nyrst á rannsóknarsvæðinu, um 40 metrum norðan við skálatóftina. Tóftin er frekar óljós en hugsanlega sjást þar þrjú mismunandi hólf. Markmiðið var að tímasetja mannvirkið og skýra hvaða hlutverki það gegndi. Skurðurinn var 2x1 metri á stærð og snéri norður-suður. Efst í skurðinum var 30-40 sm þykkt yfirborðslag [401] og undir því var 5-15 sm þykkt áfokslag [402]. V-1477 gjóskan lá óhreyfð yfir öllum skurðinum og undir því var áfokslag [404] með daufum torfskellum og lá það beint ofan á torfvegg [406]. Ofan á veggnum var það 5-10 sm á þykkt en um 30 sm þykkt upp við norðurhlið torfveggjarins, þar sem það hefur safnast saman. Undir áfokslaginu var mannvistarlag [405] sem hefur verið gólf innan í mannvirkinu. Það var gulbrúnt og flekkótt og mátti greina kolaleifar í því, en í agnarlitlu magni, minna en 2%. Gólfskánin lá upp að torfvegg [406] (sjá mynd 19). Torfveggurinn lá ofan á landnámssyrpunni en hún var mjög röskuð.

Mynd 19. Torfveggur í skurði E, horft í suðaustur.

Torfveggurinn hefur verið byggður á tímabilinu milli 870 og 1477, líklega fljótlega eftir 870 þar sem lítil sem engin jarðvegssöfnun var á milli torfveggjarins og landnámssyrpunnar. V~940 sást

ekki í þessum skurði. Þykkt áfokslag, 5-10 sm hefur safnast ofan á torfveggnum áður en V-1477 gjóskan féll sem bendir til þess að veggurinn hafi verið byggður löngu fyrir þann tíma. Gólflag fannst í mannvirkinu en það var þunnt og lítið af ummerkjum í því. Ekkert fannst sem bendir til að mannvirkið hafi verið notað fyrir skepnur en greinilegt er að það hefur verið notað í stuttan tíma og ekki mikið farið fram í húsinu, enda gólflagið þunnt og aðeins smávegis koladreif í því. Á mynd 20 jarðlög i austursniði skurðsins.



Mynd 20. Austursnið skurðar D. 1477 gjóskan lá yfir torfveggnum og þykkt áfokslag á milli.

Jarðlag	Lýsing
401	Mjög dökkbrúnt yfirborðslag með miklu af rótum
402	Dökkbrún og einsleitt silt - fokmold
403	Gjóskulag V-1477
404	Dökkbrúnt silt jarðlag, daufir flekkir hér og þar - fokmold
405	Gólf - gulbrúnt, flekkótt mannvistarlag með < 2% kolaleifum
406	Torfveggur með skýrum gjóskulögum.

Könnunarskurður E (tóft 4)

Könnunarskurður E var grafinn í gegnum suðurvegg tóftar 4 en tóftin fannst þegar svæðið í kringum skálann var kannað skipulega með kjarnabor. Þá komu í ljós torfveggir og hugsanlegt gólf á milli þeirra. Markmið skurðarins var, eins og í hinum tilfellunum, að tímasetja mannvirkið og reyna að komast að því hvaða hlutverki það gegndi. Könnunarskurðurinn var 2x1 metri

Mynd 21. Veggur og gólfskán í skurði E, horft í vestur

að stærð og snéri norður-suður. Efst í honum var 20 sm þykkt yfirborðslag [501] og þar undir var 10-15 sm þykkt áfok [502] sem lá ofan á V-1477 gjóskunni [503]. Þar undir var annað áfokslag [504] sem var um 3 sm þykkt innan í tóftinni en 10-20 sm þar sem það hefur safnast upp við torfvegginn og ofan á honum. Undir áfokslaginu var dökkbrúnt torfhrun [505] með fjólubláum og svörtum skellum ásamt flekkjum af H3 gjóskunni. Torfhrunið lá upp að torfveggnum og yfir gólfskán [506]. Gólfskánin var 3-5 sm á þykkt og einkennist aðallega af gráhvítum og smávegis fitugum skellum og vart sjáanlegri koladreif, þó einnig væri að sjá þar fjólubláa torfflekki sem hrunið hafa úr veggjum tóftarinnar. Torfveggur [507] var ekki grafinn upp árið 2017. Torfið var dökkbrúnt með fjólubláum og svörtum óreglulegum röndum og ljósgulri H3 gjósku. Torfvegginn og gólfskánina má sjá á mynd 21. Undir gólfi var fitugt silt [508] með smávegis kolaleifum og þar undir var gráleitur og rauðbrúnn jarðvegur [509] með svörtum og gráum skellum. Samhengi þessara tveggja jarðlaga við torfvegginn er ekki þekkt þar sem að þau komu í ljós í prufuholu sem grafin var í norðausturhorni skurðarins. Undir þessum jarðlögum var óhreyfður og náttúrulegur jarðvegur [510] á um 80 sm dýpi. Ekki sáust nein ummerki um H3 gjóskuna óhreyfða í sniðinu en landnámssyrpan – án V~940 – sást mjög röskuð undir torfveggnum. Sniðteikningu af jarðlögum í skurði E má sjá á mynd 22.

Tóftinni svipar mjög til tóftar 2 og virðist hafa verið í notkun á sama skeiði. Hún hefur verið byggð fljótlega eftir að landnámslagið féll um 870 og hefur verið komin úr notkun löngu áður en V-1477 gjóskan féll. Gólfskánin innan í tóftinni bendir til þess að húsið hafi verið lítið notað. Þar eru nánast engar kolaleifar og ekki sáust nein ummerki um dýrahald. Áhugavert er að ekki fundust nein

ummerki um H3 gjóskulagið undir tóftinni og sem gæti bent til þess þess að jarðvegurinn hafi verið grafinn í burtu áður en mannvirkið var byggt.



Mynd 22. Austursnið skurðar E. Tóftin var byggð fljótlega eftir að landnámslagið féll 870 og var komin úr notkun löngu fyrir 1477.

Jarðlag	Lýsing
501	Yfirborðslag – dökkbrúnt með rótum
502	Dökkbrúnt einsleitt silt – fokmold
503	Gjóskulag V-1477
504	Dökkbrúnt einsleitt silt jarðlag - fokmold
505	Torfblandað lag, Dökkbrúnt með fjólubláum skellum, smávegis H3 og svörtum flekkjum - torfhrun sem lá yfir gófi og upp að torfveggnum.
506	Gólf tóftarinnar - Ljósbrúnt með fjólubláum torfskellum og gráhvítum fitugum skellum. Það er torfkennt á köflum en einnig leirkennt á köflum. Í því eru smáir stakir, svartir blettir líkt og voru í torfveggnum (líklega hrun ásamt fjólubláu skellunum) og örlitlar kolaleifar >1%. Gólfið var ekki grafið upp 2017 en grafinn var könnunarhola í norðausturhorni skurðarins og þar sést að það er 3-5 sm á þykkt.
507	Torfveggur – þéttur í sér. Dökkbrúnn með fjólubláum (torf), ljósbrúnum flekkum (H3) og svörtum röndum. Hann er um 17 sm á þykkt, torfið fremur óreglulegt
508	Dökkbrúnt og fitugt silt með innan við 2% af kolaleifum.
509	Gráleitur og rauðbrúnn jarðvegur með svörtum og gráum skellum.
510	Náttúrulegur jarðvegur. Ekki fundust nein ummerki um H3 í sniðinu.

Könnunarskurður F (öskuhaugur)

Könnunarskurður F var grafinn í öskuhaug vestan við skálann en hann kom í ljós þegar svæðið var kannað skipulega með kjarnabor. Könnunarskurðurinn var 1x0,5 metrar að stærð og snéri nokkurnveginn norður-suður. Syðri helmingur skuðarins var grafinn niður á Hverfjallagjóskuna [609] en sá nyrðri niður á viðarkolalag [605]. Efst var 6 sm þykk grasrót [601] og þar undir er dökkt lífrænt lag [602], V-1477 gjóskan [603] og áfokslag [604]. Öskuhaugurinn sjálfur er rúmir 20 sm á þykkt á því svæði sem könnunarskurðurinn var grafinn (sjá mynd 24). Efst í honum var þunnt viðarkolalag [605] en þar undir bunki ruslalögum [606] sem flest voru frekar lítil. Þau samanstöðu af dökkgráum jarðvegi með viðarösku, kolaflekkjum og moldarslettum eða torfskellum og uppmokstri. Efri hluti öskuhaugsins var meira hrærður og blandaður en varð lagskiptari þegar neðar dró. Varðveisla beina í öskuhaugnum var mjög misjöfn. Mörg beinanna voru algerlega niðurbrotin meðan önnur voru enn ágætlega varðveitt. Mun meira var af brenndum beinum heldur en óbrenndum í jarðlögunum. 70 brot fundust, flest ógreinanleg til tegunda en þar á meðal eru svín, geit og sauðfé.



Mynd 23. Suðursnið í öskuhaug

Neðst í öskuhaugnum fannst lykkja úr bronsi (F1). Beint undir öskuhaugnum var landnáms-syrpan [607] og efst í henni landnámslagið frá um 870 en engin merki sáust um V-Sv gjóskuna frá um 940. Örþunnt moldarlag var á milli landnámslagsins og ösku-haugsins sem bendir til að byggðin hafi ekki hafist strax eftir að gosið varð og sé þar með aðeins yngri en t.d. í Sveigakoti, Hrísheimum og Skútustöðum. Undir landnámsyrpunni var ljósbrúnn, flekkóttur jarðvegur [608] og forsögulegt gjóskulag úr Hverfjalli [609]. Sniðteikning af jarðlögum í öskuhaugnum má sjá á mynd 23.

Mynd 24. Jarðlög í öskuhaugnum, horft til suðurs. Óbrennt rifbein úr stórgrip stendur útúr sniðinu bakvið kvarðann

Öskuhaugurinn virðist hafa hlaðist upp skömmu eftir að landnámslagið féll en áður en V~940 féll þar sem ekki sáust neinar leifar af því í landnámssyrpunni. Tímasetning öskuhausins fellur því vel við tímasetningu skálans. Öskuhaugurinn er ekki mjög þykkur eða um 20 sm þar sem könnunarskurðurinn var tekinn en borkjarnarannsóknin benti til að á þessum stað væri hann einna þykkastur.

Jarðlag	Lýsing
601	Grasrót
602	Dökkbrúnn, lífrænn jarðvegur
603	Dökkt gjóskulag – V-1477
604	Áfok - ljósara að neðan.
605	Viðarkolalag – efsti hluti öskuhaugsins. Liggur yfir honum öllum
606	Öskuhaugur - bunki af lögum, flest mjög þunn. Dökkgrár jarðvegur með viðarösku, kolaflekkjum og moldarslettum/torfsneplum og uppmokstri, Meira hrært að ofan en lagskipt að neðan. Liggur beint ofan á landnámssyrpunni.
607	Landnámssyrpa með tveimur svörtum gjóskulögum og ólífugrænu landnámsgóskunni.
608	Ljósbrúnn jarðvegur, flekkóttur
609	Forsögulegt gjóskulag úr Hverfjalli

Könnunarskurður G (kuml)

Fyrr um sumarið hafði Árni Einarsson verið á gangi um svæðið og rekist á nokkrar dældir sunnarlega á rannsóknarsvæðinu, innan Túngarðsins. Dældirnar eru tæpum 400 metrum norðan við veisluskálann og rúmum 60 metrum suðaustan við nýfundna skálatóft í Brekkum. Dældirnar eru 5-6 talsins og litu út fyrir að vera manngerðar, mögulega kuml. Því var ákveðið að láta reyna á þá tilgátu með könnunarskurði. Skurður að stærðinni 2x1 m var grafinn í gegnum einna skýrustu dældina og snéri hann austur-vestur þannig að hann næði út fyrir brúnir niðurgraftarins. Engin gjóskulög sáust í sniðinu fyrir utan V-1477 sem liggur yfir enduropnun [709] á

Mynd 25. Meint kuml eftir að uppgreftri lauk, horft í norður.

meintu kumli. Jarðlög [701] – [706] eru mismunandi áfokslög eða jarðlög sem hafa veðrast og jafnvel skolast niður í opna holuna. Undir fokmoldarjarðlögum eru torfblönduð jarðlög með landnámsgjóskunni [707], [708] og [710] sem gætu tengst raski í dældinni, hugsanlega uppmokstur. Undir þessum jarðlögum sést greinilegur skurður [709] sem sker gegnum jarðlög [711], [712], [713] og [714]. Þessi jarðlög eru öll blönduð torflög með landnámssyrpu og H3. Undir [714] í suðvesturhorni skurðarins var hugsanlegt byggingartorf [715] með landnámssyrpunni. Önnur jarðlög sem nefnd eru í jarðlagaskránni eru ógrafin og sáust aðeins í plani (sjá mynd 25). Eitt af þeim er [721] en efst í því voru



Mynd 26. Suðursnið í skurði G, meintu kumli.

fimm járnmolar, einn af þeim örugglega rónagli (F2). Sniðteikningu af skurði G má sjá á mynd 26.

Ekki var grafið dýpra í dældina sem túlkuð er sem kuml sem hefur verið opnað til forna. Engin bein fundust en 5 járnmolar komu í ljós og er einn þeirra rónagli. Ummerkin benda til að lágur haugur hafi verið orpinn yfir gröf sem opnuð hefur verið aftur löngu fyrir 1477. Uppmokstur frá enduropnun er hugsanlega að finna utan við könnunarskurðinn og má ætla að lög [707] og [708] séu uppmokstur sem hefur fokið eða skolast niður í dældina eða jafnvel verið mokað þangað til að loka aftur fyrir opnunina. Að minnsta kosti fimm aðrar dældir eru í kring og má því færa rök fyrir því að hér sé fundinn kumlateigur.

Jarðlag	Lýsing
701	Yfrborðslag – grasrót
702	Dökk appelsínugul/brúnt silt með appelsinugulum skellum
703	V-1477 gjóskan
704	Dökkbrúnt silt með fjólubláu og appelsínugulu – líklegar niðurbrotið torf eða grasrót

705	Miðlungs til dökkbrúnt/appelsínugult silt – fokmold eða veðrun
706	Dökkgrábrúnt silt með appelsínugulum skellum
707	Brúnt torfblandað silt með skellum af landnámssyrpunni – Veðrun?
708	Brúnt torfblandað silt með skellum af landnámssyrpunni – Veðrun?
709	Enduropnun á meintu kumli
710	Brúnt torfblandað silt með skellum af landnámssyrpunni – Veðrun?
711	Dökk appelsínugult/brúnt silt með stökum flekkjum af H3 og einstaka landnámstorfi.
712	Brúnappelsínugult silt með miklu af torfbútum með landnámssyrpunni, einstaka með litlum skellum af H3.
713	Brúnappelsínugult silt með miklu af litlum skellum af H3
714	Dökk brúnappelsínugult silt með dökkgráum linsum (hugsanlega veðrun og blöndun frá enduropnun [709])
715	Torf með landnássyrpunni – óreglulegt og náttúrulega raskað. Hugsanlega torfhleðsla sem hefur orðið fyrir frostlyftingu.
716	Torf með landnássyrpunni - óreglulegt og náttúrulega raskað. Hugsanlega torfhleðsla sem hefur orðið fyrir frostlyftingu. Torfið er mjög niðurbrotið og jafnvel hefur einhverskonar rof átt sér stað.
717	Fylling – brúnappelsínugult silt með mörgum litlum skellum af H3 og einstaka LNS.
718	Röskuð H3 gjóska og fokmold
719	Fylling – fölbrúnt silt með mörgum steinum – allt að 30 sm að stærð. – Stoð?
720	Hvítt/fölt rjómabrúnt lífrænt silt með flekkjum af H3 – náttúrulegt
721	Dökk grábrúnt lífrænt silt með H3 flekkjum. Hugsanlega þar sem fyllingar mætast
722	Röskuð H3 gjóska og fokmold
723	Föl grágræn forsöguleg gjóska (náttúrulegt)
724	Sendið og malarkent appelsínugult silt
725	Appelsínugulbrúnt silt með leifum af LNS – Hugsanlega náttúrulegt eða gamalt yfirborð
726	Sendið og malarkennt appelsínugult silt - óhreyft
727	Náttúrulegur rauðbrúnn/appelsínugulur jarðvegur
728	Náttúrulegur rauðbrúnn/appelsínugulur jarðvegur - undir H3

Könnunarskurður H (tóft 3)

Könnunarskurður H var grafinn í gegnum tóft 3 sem er neðan við brekkuna vestan við skálann, næst Laxá. Tóftin er mjög óljós en greinilegar torfleifar og öskulög komu í ljós við borkjarnarannsóknir á svæðinu. Markmiðið var að tímasetja mannvirkið og komast að því hvaða hlutverki það gegndi. Skurðurinn var 1,5x1 metri á stærð og snéri norður-suður. V-1477 gjóskan [802] kom í ljós strax undir mjög þykkri grasrót [801] og þar undir var áfokslag [803] sem lá ofan á torfvegg og gólfi. Gólfið [804] lá upp að torfveggnum og var mest um 20 sm að þykkt. Líklega er hluti af því torfhrun, líkt og það sem sást í sniði í norðvesturhorni [806], sem liggur ofan á gólfinu. Í gólfinu var mikið af appelsínugulum, svörtum og gráum skellum. Engar kolaleifar var að finna í því fyrir utan tvo flekki í norðausturenda skurðarins. Torfveggurinn [805] var 40-50 sm á hæð en torfið í honum var mjög ógreinilegt. Jarðvegurinn var fremur dökkur með svörtum

Myd 27. Torfveggur og hugsanlegur inngangur í tóft H, horft í austur



Mynd 28. Austursnið skurðar H. Torfveggur og líklegur inngangur inn í mannvirkið

línum. Undir gólfi var náttúrulegur jarðvegur [807] en þar sást einnig LNS mjög raskað. Sniðteikningu af skurði H má sjá á mynd 28.

Mannvirkið hefur verið byggt fljótlega eftir að landnámslagið féll og hefur, líkt og önnur mannvirki á svæðinu, verið komið úr notkun fyrir 1477. Lítið er hægt að segja um hlutverk þessarar tóftar en engin ummerki eru um að mannvirkið hafi verið notað sem skepnuhús. Í borkjarnarannsóknunum kom í ljós viðaraska og kolalög rétt austan við könnunarskurðinn sem gætu verið hluti af einhverskonar gólflagi. Skurðurinn hefur líklega lent í inngangi inn í tóftina (sjá mynd 27).

Jarðlag	Lýsing
801	Yfirborðslag – dökkbrúnt silt með rótum
802	Gjóskulag V-1477
803	Dökkbrún fokmold (silt), náttúrulegt með einstaka dökkum flekkjum
804	Gamalt yfirborð/gólf – flekkótt, dökktbrúnt silt með mjög daufum appesínugulum, svörtum og gráum skellum. Þegar jarðlagið var grafið fundust engar leifar af kolum nema í tveimur litlum skellum í norðu sniði, nálægt norðausturendanum og þá í mjög litlu magni. Kolaskellurnar lágu ofan á gólfinu. Sýni <15> var tekið úr norðvestur horni.
805	Torfveggur. Hann er 40-50 sm á hæð og 30-40 sm breiður í sniðinu. Dökkbrúnt torfkennt silt, flekkótt og línur af svartri gjósku
806	Torfhrun - brúnt silt með brúnum, svörtum og nokkrum gulum skellum
807	Náttúrulegur jarðvegur

Niðurstöður og umræða

Bær hefur verið reistur í Brekkum eftir að landnámslagið féll um 871 og áður en gaus í Veiðivötnum um 940. Tóftirnar í kringum skálann hafa verið í notkun í skamman tíma og þó að ekki sé hægt að tímasetja þær jafnnákvæmlega og hann, er ekkert sem bendir til annars en að öll þess mannvirki séu samtíða. Óvíst er hvert hlutverk útihúsanna þriggja hefur verið. Þau hafa líklega ekki hýst skepnur þar sem engin merki um tað fundust í gólfum þeirra. Gólfin voru mjög þunn og mjúk og ekkert í þeim sem bendir til ákveðinna verka umfram önnur. Of lítið er af kolum í gólfunum til að hægt sé að fullyrða að eldur hafi logað í þessum húsum. Ummerkin, eða öllu heldur ummerkjaleysið kemur helst saman við að húsin hafi verið notuð sem geymslur en líklegast er að ummerkjaleysið endurspegli fyrst og fremst að húsin hafi verið í notkun í mjög skamman tíma, jafnvel bara nokkur ár. Öskuhaugurinn er ekki mikill um sig eða þykkur en þó meiri en svo að líklegt verður að telja að í skálanum hafi verið búið lengur en einn vetur. Hvort þeir hafi verið tveir eða tuttugu er erfiðara að segja.

Eitt er víst að byggð á þessum stað hefur verið skammæ og líklega hefur býlið verið komið í eyði þegar Túngarðurinn var byggður á seinni hluta 10. aldar. Garðurinn tekur áreiðanlega mið af þeirri rækt sem hefur verið komin í kringum bæjarstæðið – og merki sjást ennþá um í lífrænu lagi í kringum

tóftirnar – en lega hans bendir a.m.k. ekki til að þegar hann var lagður út hafi verið gert ráð fyrir tveimur býlum innan hans.

Margt er enn á huldu um samband bæjarins í Brekkum og Hofstaða. Þó skálinn í Brekkum sé elsta mannvirkið sem hefur verið rannsakað á Hofstaðtorfunni þá verður að telja ólíklegt að Brekkur séu elsta bæjarstæðið þar. Mjög miklu munar á landgæðum og rætkunarmöguleikum á bæjarstæðunum tveimur og er sennilegasta tilgátan að elsta byggðin sé þar sem bæjarhóllinn er, bærinn í Brekkum hafi byggst síðar og verið búið þar aðeins um skamma hríð, og veisluskálinn enn síðar en óvíst er hvort telja megi hann sjálfstætt býli.

Ef dældirnar suðaustan við skálann í Brekkum eru ummerki um kumlateig þá vaknar sú spurning hvort þau kuml tengist Brekkum eða Hofstöðum. Vel er hugsanlegt að kumlin séu, eins og Túngarðurinn, yngri en byggðin í Brekkum, og að þeim hafi meðal annars verið valinn staður þarna vegna hinnar aflögðu byggðar – til að merkja eignarhald á hinu yfirgefna bæjarstæði. En staðurinn getur einnig talist eðlilegt kumlstæði frá Brekkum og verður ekki úr þessu skorið án frekari rannsóknar.

Þó tekist hafi að svara öllum þeim spurningum sem lagt var upp með þá er enn margt á huldu um byggðina í Brekkum og samband hennar við Hofstaði. Sú niðurstaða að byggðin í Brekkum hafi verið skammæ gerir staðinn enn meira spennandi til fullnaðarrannsóknar. Á bæjarstæðinu virðist aðeins vera eitt byggingarstig sem þýðir að mögulegt verður að greina nákvæmlega hvað fólkið sem ætlaði að hefja búskap á þessum stað hafði í hyggju – hönnun þeirrra á húsakosti og notkun húsanna mun varpa ljósi á það. Varðveisla lífrænna leifa í öskuhaugnum er nógu góð til að ætla megi að uppgröftur á honum muni leiða til þess að skýr mynd fáist af búskap frumbýlinganna.

Uppgröftur á meintum kumlum – fyrir utan að staðfesta að dældirnar séu í raun kuml – myndi mögulega leiða í ljós vísbendingar um samband grafanna við bæjarstæðin á Hofstöðum, en vegna sérstöðu veisluskálans verður einnig sérlega áhugavert að fá upplýsingar um greftrun fólksins sem bjó á Hofstöðum.

Mörg af þeim álitamálum sem uppi eru um byggð á Hofstaðatorfunni á víkingaöld munu ekki verða skýrð fyrr en bæjarhóllinn verður grafinn í botn en það er ærið verk og kostnaðarsamt. Þangað til er þó margt sem skýra má með minni inngripum. Þar á meðal þarf að kanna vísbendingar um að fleiri byggingar geti leynst á bæjarstæði Brekkna en einnig er nauðsynlegt að kanna stærra svæði – öll Hofstaðatúnin og næsta nágrenni – til að fá heildaryfirsýn um byggð á torfunni á víkingaöld.

Viðauki 1. Borkjarnaskrá

Lína	nr. í línu	Heildardýpt kjarna (cm)	Dýpt jarðlags í cm	Lýsing á jarðlagi	Athugasemdir	Mælinga-númer
1	1	42	0-7	Yfirborðslag -grasrót		B103
1	1	42	7-12	Jarðlag blandað H3		B103
1	1	42	12-16	H3		B103
1	1	42	16-17	Blandað H3		B103
1	1	42	17-20	H3/H4 óljóst		B103
1	1	42	20-36	Brúnt lífrænt hreyft jarðlag með þremur gráum gjóskuröndum		B103
1	1	42	36-36.5	Rauðbrúnn náttúrulegur jarðvegur		B103
1	1	42	36.5-37.5	H4 in situ?		B103
1	1	42	37.5-42	Rauðbrúnn náttúrulegur jarðvegur		B103
1	2	42	0-13	Yfirborðslag - rætur	Svæðið er mjög blautt og þarna hefur verið hægt að komast í góðan mó. Liklegur staðir fyrir móttöku	B102
1	2	42	13-29	Dökkbrúnn mór og rætur		B102
1	2	42	29-30	Grá ljósbrúnt jarðlag		B102
1	2	42	30-42	Dökkbrúnn mór og rætur		B102
1	3	40	0-40	Brúnn jarðvegur og ekkert annað.	Mjög blautt svæði. Hugsanlega er um að ræða torf- eða mótökusvæði.	B101
1	4	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		B90
1	5	42	0-8	Yfirborðslag		B91
1	5	42	8-9	V-1477 gjóska		B91
1	5	42	9-14	Brúnleit fokmold		B91
1	5	42	14-18	Hugsanlegt torf með H3 gjósku		B91
1	5	42	18-19	H3		B91
1	5	42	19-21	Rauðbrúnt náttúrulegt jarðlag		B91
1	5	42	21-25	H4		B91
1	5	4	25-42	Rauðbrúnt náttúrulegt jarðlag		B91

1	6	40	0-40	Náttúrulegur kjarni	Kjarninn virðist vera að mestu náttúrulegur, en þó gtu verið einhver hreyfð jarðlög í honum. Það er þó óvíst. Líklega ekki mikil mannvist í gangi.	B92
1	7	40	0-40	Náttúrulegur kjarni.	Undir H4 er mýrrarrauði	B93
1	8	40	0-40	Mjög lífræn jarðlög	Rauðbrúnt í 35 cm	B94
1	9	42	0-6	Yfirborðslag	Ekki var hægt að komast dýpra í kjarnann til þess að atuga hvort að H3 og H4 væru fyrir neðan.	B95
1	9	42	6-16	Fokmold		B95
1	9	42	16-42	Mögulega torf með H3 og svartri/grárri gjósku (kannksi líka H4). Mjög röndótt og margar rendur af hverri gjósku.		B95
2	1	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		B89
2	2	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		B88
2	3	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		B87
2	4	40	0-40	Mjög blautur og leirkendur jarðvegur		B86
2	5	40	0-8	Yfirborðslag		B85
2	5	40	8-10	Brúnleit fokmold		B85
2	5	40	10-11	1477 gjóskan		B85
2	5	40	11-16	Blandað torf með svartri gjósku		B85
2	5	40	16-18	Rauðbrúnt, náttúrulegt jarðlag		B85
2	5	40	18-23	H3		B85
2	5	40	23-27	Rauðbrúnt, náttúrulegt jarðlag		B85
2	5	40	27-31	H4		B85
2	5	40	31-40	Rauðbrúnt, náttúrulegt jarðlag		B85
2	6	66	0-10	Yfirborðslag		B100
2	6	66	10-11	Fokmold		B100
2	6	66	11-12.5	V-1477 gjóskan		B100
2	6	66	12.5-33	Blandað ljósbrúnt jarðlag með fljólubláum og H3 flekkjum		B100

2	6	66	34-36	Ljósbrúnt, fjólubláleitt, feitt jarðlag. Hugsanlega gólf		B100
2	6	66	36-49	Dökkur fínn sandur		B100
2	6	66	49-66	Mýrarlög, leirkennt og blautt svæði		B100
2	7	40	0-40	Náttúrulegur kjarni	Fokmold að H3	B99
3	1	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		B81
3	2	40	0-40	Náttúrulegur kjarni	Með dökku og lífrænu jarðlagi. LNL í 35 sm dýpt	B82
3	3	41	0-41	Náttúrulegur kjarni	með dökku og lífrænu jarðlagi rétt fyrir ofan LNL	B83
3	4	42	0-11	Yfirborðslag		B84
3	4	42	11-13	1477 gjóskan		B84
3	4	42	13-16	Brúnleit fokmold		B84
3	4	42	16-20	Viðaraska og kol		B84
3	4	42	20-25	brúnleitt jarðlag		B84
3	4	42	25-26	Svört gjóska		B84
3	4	42	26-33	Brúnleitt jarðlag		B84
3	4	42	33-34	Gróft og sedið lag (Hverfjalla gjóskan?)		B84
3	4	42	34-35	brúnleitt jarðlag		B84
3	4	42	35-42	H3		B84
3	6	74	0-11	Yfirborðslag	Náttúrulegur kjarni	B96
3	6	74	11-14	V-1477 gjóskan		B96
3	6	74	14-50	Dökkbrúnn, lífrænn jarðvegur		B96
3	6	74	50-52	Landnámslagið		B96
3	6	74	52-55	Rauðbrúnt náttúrulegt jarðlag		B96
3	6	74	55-61	H3		B96
3	6	74	61-65	Rauðbrúnt náttúrulegt jarðlag		B96
3	6	74	65-69	H4		B96
3	6	74	69-74	Rauðbrúnt náttúrulegt jarðlag		B96
3	7	40	0-40	Náttúrulegur kjarni	Mjög svipaður og B96	B97
3	8	40	0-40	Náttúrulegur kjarni	Mjög stutt niður á H3 um 20 cm.	B98
4	1	30	0-8	Yfirborðslag		B106
4	1	30	8-10	V-1477 gjóskan		B106
4	1	30	10-12.5	Fokmold		B106
4	1	30	12.5-16	Sótarblandað jarðlag og örþunnur kolasalli		B106

4	1	30	16-30	Rauðbrúnt náttúrulegt jarðlag		B106
4	2	41	0-7.5	Yfirborðslag		B107
4	2	41	7.5-10	V-1477 gjóskan		B107
4	2	41	10-28	Brúnt jarðlag, fokmold		B107
4	2	41	28-33	Jarðlag blandað H3 gjóskunni		B107
4	2	41	33-35.5	Sótarblandað jarðlag		B107
4	2	41	35.5-41	Rauðbrúnn náttúrulegur jarðvegur		B107
4	3	40	0-40	Náttúrulegur kjarni, LNL in situ en annars engin mannvist. Brún jarðlög		B110
4	4	40	0-40	Náttúrulegur kjarni, LNL in situ en annars engin mannvist. Brún jarðlög		B111
4	5	51	0-5	Yfirborðslag		B113
4	5	51	5-7	Mögulega V-1477 gjóskan		B113
4	5	51	7-12.5	Brúnt jarðlag - fokmold		B113
4	5	51	12.5-13	Gráleitt jarðlag, lítil linsa (ekki víst hvað er)		B113
4	5	51	13-18	Brúnt jarðlag		B113
4	5	51	18-33	Lagskipt jarðlag, mögulega torf. Gæti verið veggur. Skiptist í 3 jarðlög: Mjög dökkt torf og út í fjólublátt, dökk lagskipt gjóska og ljósbrúnna torf		B113
4	5	51	33-40	Lagskipt jarðlag. Ljós appelsínugult og röndótt jarðlag og svo dökkt jarðlag. Flekkótt með H3 gjóskunni		B113
4	5	51	40-42	Hverfjalla gjóskan? Sendið grófkorna jarðlag		B113
4	5	51	42-44	H3 in situ		B113
4	5	51	44-51	Rauðbrúnt náttúrulegt jarðlag		B113
4	6	40	0-4	Yfirborðslag		B114
4	6	40	4-5	Mögulega V-1477 gjóskan		B114
4	6	40	5-12	Brúnt jarðlag - fokmold		B114
4	6	40	12-15	Mögulegt torf með H3 gjóskunni		B114
4	6	40	15-40	Brún appelsínugul mýrarjarðvegur		B114
5	1	41	0-7	Yfirborðslag	Náttúrulegur kjarni	B104
5	1	41	7-16	Fokmold		B104
5	1	41	16-18	Gjóska V-1477 eða 1300		B104

5	1	41	18-26	Torfblandað jarðlag með H3 gjósku		B104
5	1	41	26-27	Rauðbrúnt náttúrulegt jarðlag		B104
5	1	41	27-34.5	H3		B104
